Sþ. **677. Tillaga til þingsályktunar** [376. mál]

um samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Skúli Alexandersson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta vinna að samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og meiri háttar mannvirkjagerðar þannig að slíkar áætlanir fyrir einstaka landshluta og landið allt falli eðlilega saman í eina heild.

Stuðlað verði að samræmingu flutninga og flutningaleiða á landi, sjó og í lofti með opinberri stefnumörkun sem jafnframt taki mið af áformum um meiri háttar mannvirkjagerð, þróunarforsendum atvinnulífs og byggðasjónarmiðum.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur talsvert verið unnið að áætlunum til lengri eða skemmri tíma á sviði samgöngumála og við meiri háttar mannvirkjagerð. Má í því sambandi benda á langtímaáætlun í vegagerð, áætlun um uppbyggingu hafna, lagasetningu um röð virkjana, áætlanir af ýmsu tagi fyrir einstök landsvæði og nú síðast tillögur nefndar um uppbyggingu flugsamgangna. Á síðasta þingi var vísað til ríkisstjórnarinnar tillögu um gerð langtímaáætlunar í jarðgangagerð og rætt hefur verið um nauðsyn þess að skipuleggja markvisst og byggja upp samgöngur á sjó innan fjarða og umhverfis landið.

Tvímælalaust er slík áætlanagerð og stefnumörkun fram í tímann af hinu góða fyrir viðkomandi málaflokk. Hitt er lakara ef enginn aðili hefur með höndum það hlutverk að hafa yfirsýn yfir og samræma eftir föngum mismunandi þætti samgöngumála og meiri háttar mannvirkjagerðar. Auðvelt er að tína til dæmi um það hvernig t.d. samgöngubætur geta breytt öllum aðstæðum í atvinnulífi, byggðamálum og við mannvirkjagerð. Þannig geta stutt jarðgöng, sem breyta illfærum fjallvegi eða stórhættulegum skriðum í þægilega bæjarleið, gerbreytt möguleikum til uppbyggingar flugvalla eða við hafnargerð. Ákvörðun um stórvirkjun eða hliðstæða framkvæmd getur sjálfkrafa falið í sér úrbætur á viðkomandi svæði í samgöngumálum. Ein brú yfir árós getur gerbreytt aðstæðum í hafnargerð á viðkomandi strandlengju. Uppbygging vel búins flugvallar getur opnað alveg nýja möguleika til útflutnings á ferskum matvælum frá viðkomandi landshluta og svo má áfram telja.

Jafnvel þótt ljóst sé að stefnumörkun, áform og áætlanir liggi ætíð að einhverju leyti inn í óvissa framtíð hlýtur að teljast skynsamlegt að huga að samhengi hlutanna eftir því sem kostur er. Miklum fjármunum er, eða a.m.k. þyrfti, að ráðstafa til samgöngumála og margs konar mannvirkjagerðar og því veruleg verðmæti í húfi ef samræming af því tagi sem hér er fjallað um getur leitt til betri nýtingar og sparnaðar.

Ástæðulaust er að fjölyrða hér um vinnubrögð við slíka heildarskoðun eða samræmingu þessara mála, enda slíkt best komið í höndum þeirra sérfróðu aðila sem falið yrði að vinna starfið. Næsta sjálfgefið er að leita samstarfs við helstu stofnanir hins opinbera á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar og auk þess aðstoðar sérfróðra aðila hjá Byggðastofnun, Háskóla Íslands og víðar. Nefna má í þessu sambandi að í ýmsum nálægum löndum, þar með talið annars staðar á Norðurlöndunum, hefur verulegt starf verið unnið á þessu sviði sem líta má til.

Þess má geta að á árunum 1978–79 var nokkuð hugað að þessum málum.

Í samstarfsyfirlýsingu Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks um stjórnarmyndun, sem gefin var út af forsætisráðuneytinu í ágúst 1978 segir í lið 3.7. samgöngumál:

„Gerðar verði samgönguáætlanir fyrir landið í heild og einstaka landshluta, þar sem samræmdir verði flutningar á landi, sjó og í lofti. Sérstakt átak verði gert til að leggja bundið slitlag á aðalvegi og til endurbóta á vegum í strjálbýli. Áhersla verði lögð á að leysa samgönguerfiðleika staða, sem eiga af þeim sökum við vanda að glíma í framleiðslu, svo og í félagslegum samskiptum."

Ragnar Arnalds, þáverandi samgönguráðherra, setti á fót nefnd, „samgönguáætlunarnefnd", í byrjun febrúar 1979 til að, eins og segir í skipunarbréfi skrifstofustjóra samgönguráuneytisins, Ólafs S. Valdimarssonar:

„Gera samgönguáætlanir fyrir landið í heild og einstaka landshluta þar sem samræmdir verði flutningar á landi, sjó og í lofti.

Verkefni nefndarinnar er skipulag samgangna á breyttum grundvelli, þar á meðal að fjalla um umferðamiðstöðvar, hópferðir og sérleyfi í samgöngukerfinu, tengsl landflutninga við flutninga á sjó og í lofti og endurskoða núgildandi löggjöf um þessi efni."

Nefndin starfaði talsvert á árinu 1979 og hélt þrettán bókaða fundi en virðist svo hafa dagað uppi, eða *„orðið úti"* ef svo má að orði komast í sviptingum stjórnmálanna síðla árs 1979 eða í upphafi árs 1980 og verður ekki séð að máli þessu hafi verið sinnt að ráði síðan.

Nokkur hætta er á því að menn bresti kjark til að ráðast í verkefni af því tagi sem hér er rætt um af ótta við að það vaxi þeim yfir höfuð og verði óviðráðanlega viðamikið. Í því sambandi er rétt að undirstrika að hér er um samræmingarverkefni að ræða, að skoða allar fyrirliggjandi áætlanir í samhengi, að meta hvar þörf er á gagnasöfnun, úrvinnslu eða frekari áætlanagerð og hvar ekki. Með slíkan bakgrunn ættu sérfróðir aðilar að vera betur búnir en ella til að gefa stjórnvöldum ráð til skynsamlegrar og heildstæðrar stefnumörkunar á þessu sviði.

Að lokum er rétt að minna á að fáir hlutir hafa jafnmikil áhrif á þróun hins mannlega samfélags eins og samgöngur. Einnig þess vegna er sérstaklega nauðsynlegt að horfa til samhengis hlutanna á þessu sviði og reyna að tryggja farsælt samspil sem flestra þátta samgangna og annarrar mannvirkjagerðar í þágu lands og þjóðar.